

Fimmtudaginn 21. október 1993.

Nr. 271/1991. **Róbert Pétursson**

(Jóhann Þórðarson hrl.)

gegn

Þorgeiri Halldórssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Vinnulaun. Umboð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. júní 1991. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 31.500 krónur með dráttarvöxtum og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Eins og fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, fékk stefndi sumarið 1987 Ulrik Arthursson arkitekt til að gera uppdrætti að endurbótum á húsi sínu að Lambastaðabraut 4, Seltjarnarnesi. Sótti hann um leyfi fyrir endurbótunum til byggingarnefndar Seltjarnarness, sem samþykkti umsókn hans 12. ágúst 1987. Upphaflega var ráðgert að skipta aðeins um járn á þaki, en síðar var ákveðið að setja sperrur í þakið og koma fyrir í því einangrun. Jafnframt ákvað stefndi í samráði við Tómas Grétar Ingólfsson húsasmíðameistara, sem tók að sér að vinna verkið, að breyta út frá teikningum Ulriks og stækka anddyrið. Stefndi hefur á hinn bóginn eindregið synjað fyrir, að sér hafi verið um það kunnugt fyrr en að loknum breytingum og endurbótum á húsinu, að Tómas G. Ingólfsson fékk áfrýjanda til að gera uppdrætti þá, sem hann krefst greiðslu fyrir í málinu.

Í aðilaskýrslu Tómasar Grétars á bæjarþingi Seltjarnarness kemur fram, að þær breytingar á húsi stefnda, sem uppdrættir áfrýjanda tóku til, hefði verið unnt að framkvæma án þeirra. Um þetta var bókað orðrétt eftir honum: „Og þetta er í sjálfu sér ekkert flókið mál. Útfærslan á þakinu er ... nokkurn veginn standard. En það er krafa byggingarnefndar.“ Að svo vöxnu máli hefði Tómas Grétar

átt að kynna byggingarfulltrúa fyrirhugaðar breytingar og spyrjast fyrir um nauðsyn nýrra uppdráttu vegna þeirra. Er ástæða til að ætla, að þá hefði komið í ljós, að nýrra uppdráttu væri eigi þörf, en í bréfi bæjarstjórans á Seltjarnarnesi til áfrýjanda 6. nóvember 1990 segir: „Að dómi byggingarfulltrúa var um svo minni háttar breytingu að ræða, að ekki þyrfti að leggja málið fyrir byggingarnefnd að nýju. Byggingarnefnd er sammála byggingarfulltrúa að þessu leyti.“

Samkvæmt þessu var samningur Tómasar Grétars Ingólfssonar við áfrýjanda um nefnda uppdrætti á ábyrgð hins fyrrnefnda og batt ekki að lögum stefnda greiðsluskyldu gagnvart áfrýjanda. Ber því að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Róbert Pétursson, greiði stefnda, Þorgeiri Halldórssyni, 30.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri héraðsdóm með vísan til forsendna hans. Ég er sammála meiri hluta dómenda um málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 7. maí 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. apríl sl., hefur Róbert Pétursson arkitekt, kt. 220840-4259, Freyjugötu 43, Reykjavík, höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 23. maí 1990, á hendur Þorgeiri Halldórssyni fulltrúa, kt. 200837-3639, Lambastaðabraut 4, Seltjarnarnesi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 31.500 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr., 2. mgr., laga nr. 67/1989 frá 1. mars 1988 til greiðsludags, að áfallnir dráttarvextir verði lagðir við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. gr. laga nr. 25/1987, í fyrsta sinn 1. mars 1989, og mynda

þannig nýjan vaxtaberandi höfuðstól, sem beri sömu vexti og að framan er krafist. Þá er og krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags, að áfallnir dráttarvextir verði lagðir við málskostnaðarfjárhæðina á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafstíma vaxtanna.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum stefnanda og sér dæmdur málskostnaður úr hans hendi samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands auk 24,5% virðisaukaskatts. Þá krefst stefndi þess, að dæmdur málskostnaður beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags skv. 175. gr. eml. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. laga nr. 54/1988.

Sáttatilaunir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

I.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1987 lét stefndi endurbæta timburhús sitt að Lambastaðabraut 4 á Seltjarnarnesi. Húsið var reist 1932, innflutt frá Noregi. Það var „forskalað“, og var ákveðið að klæða það að utan, skipta um glugga, laga þak og smíða anddyri.

Stefndi fékk Ulrik Arthursson arkitekt til að gera uppdrætti að endurbótunum, og samþykktu byggingaryfirvöld á Seltjarnarnesi endurbæturnar á fundi 12. ágúst 1987.

Stefndi fékk Tómas G. Ingólfsson húsasmíðameistara til að vinna verkið samkvæmt reikningi. Verkið hófst um 20. júní 1987 og lauk 22. desember s. á.

Upphaflega var ráðgert að skipta aðeins um járn á þaki, en ákveðið var síðar að setja nýtt þak. Á sama hátt ákvað stefndi í samráði við Tómas að breyta út frá teikningum Ulriks og stækka anddyri, byggja yfir það og gera að forstofu.

Tómas fékk stefnanda til að hanna og teikna þessar breytingar, sem fyrirhugaðar voru frá teikningu Ulriks. Kveðst Tómas hafa gert það í samráði við stefnda, en stefndi neitar því. Ágreiningur aðila snýst því um, hvort Tómas hafi haft umboð stefnda til að láta hanna þær breytingar, sem stefndi óskaði eftir. Ágreiningslaust er í málinu, að teikningar stefnanda voru notaðar við umræddar breytingar á húsinu.

Stefnandi skýrir svo frá, að Tómas G. Ingólfsson hafi leitað til sín í byrjun september 1987 og óskað eftir hönnunarbreytingum á anddyri og þaki hússins Lambastaðabrautar 4. Sér hafi verið kynntar teikningar Ulriks Arthurssonar arkitekts frá því í ágúst 1987 og jafnframt sagt, að Ulrik gæti ekki sinnt þessum breytingum. Legið hafi á, því að verið var að vinna í húsinu. Hann hafi farið strax á vettvang í fylgd Tómasar og kannað að-

stæður innan húss og utan. Stefndi og kona hans hafi verið heima, en vant við látin, svo að ekki hafi komist á fundur með þeim. Tómas hafi sagt sér, að hönnunarbreytingin væri með vitund og vilja húseigenda.

Stefnandi kveðst annars vegar hafa hannað frágang á þaki og þakskeggjum, þar sem fram komi byggingarfræðilegar lausnir á rakasperrum og útloftun þaks og hins vegar stækkun á forstofu um 5 m², en samhliða stækkun hennar hafi verið gerð breyting á palli og tröppum upp í húsið og niður í kjallara. Hann hafi lokið verkinu í september 1987 og framvísað reikningi í mars 1988, sem sundurliðist þannig, að um 22,5 tíma vinnu hafi verið að ræða á 1.250 kr. á klst., samtals 28.125 kr., auk 12% söluskatts, 3.375 kr., samtals 31.500 kr. U. þ. b. 2/3 séu vinna vegna þaksins, en 1/3 vegna anddyris.

Stefnandi kveðst hafa farið alls fjórum sinnum á fund stefnda, líklega með mánaðarmillibili, til að reyna að fá kröfuna greidda. Í fyrstu hafi stefndi óskað eftir greiðslufresti, en á síðasta fundi hafi hann hafnað greiðslu á þeirri forsendu, að hann hafi ekki óskað eftir vinnu sinni.

Stefnandi kveðst hafa sent byggingarnefnd Seltjarnarness bréf 11. október 1990 og vakið athygli á, að stefndi hafi ekki sótt um byggingarleyfi fyrir þeim breytingum, sem stefnandi hannaði, og jafnframt lagt fyrir byggingarnefnd nokkrar spurningar. Byggingarnefnd hafi svarað spurningum sínum á þá leið, að í september 1987 hafi verið lögð fram breytt teikning, gerð af stefnanda, en að dómi byggingarfulltrúa, sem byggingarnefnd sé sammála, hafi verið um svo minni háttar breytingar að ræða, að ekki þyrfti að leggja málið fyrir byggingarnefnd að nýju.

Tómas G. Ingólfsson húsasmíðameistari kvaðst hafa unnið sumarið 1987 við hús stefnda ásamt starfsmönnum sínum. Verkið fólst í að skipta um glugga, klæða það að utan, laga þak og gera anddyri. Unnið hafi verið eftir teikningum Ulriks Arthurssonar arkítektis. Þegar framkvæmdir voru komnar á veg, hafi sú hugmynd komið upp, hvort ekki væri skynsamlegt að steypa upp nýjar útitröppur, því að þær gömlu voru orðnar slitnar. Þær höfðu líka losnað frá hússökkli, sem benti til þess, að undirstaðan væri ótraust. Á sama hátt væri ákjósanlegt að stækka tröppurnar og gera ytri forstofu með stórum fataskáp. Stefnda hafi litist vel á þessa hugmynd og falið sér að framkvæma þessar breytingar.

Á sama hátt hafi komið í ljós, þegar farið var að vinna við þakið, að það var mun verr farið en í upphafi var haldið. Engar sperrur hafi verið í þakinu og því ekki unnt að koma fyrir einangrun. Þeir hafi því orðið ásáttir um að endurbyggja þakið frá grunni og gera það þannig úr garði, að það stædist þær kröfur, sem nú væru gerðar, þ. e. um einangrun, loftun og rakavarnarlag.

Tómas kveðst hafa leitað til Ulriks Arthurssonar um að teikna breyt-

ingarnar. Hann hafi ekki haft tíma til að vinna verkið. Að höfðu samráði við stefnda hafi hann leitað til stefnanda til að hanna ofangreindar breytingar á þaki og forstofu. Stefnandi hafi brugðist skjótt við, og þeir hafi farið á vettvang og stefnandi skoðað aðstæður allar og gert mælingar. Stefndi og kona hans hafi komið frá útlöndum daginn áður og verið sofandi, svo að ekki komst á fundur með aðilum í það skiptið.

Stefnandi hafi gert tvær teikningar, aðra að forstofu, en hina að þaki, þar sem fram koma byggingarfræðilegar lausnir á rakasperrum og útloftun þaks. Teikningarnar hafi verið geymdar að Lambastaðabraut 4 og smiðirnir unnið eftir þeim. Tómas kvaðst hafa fengið heimild til að láta stefnanda teikna þessar tvær teikningar. Hann hafi greint stefnda frá því, að nauðsynlegt væri að fá teikningar, og tjáð honum, að Ulrik hefði ekki tíma til að sinna verkinu. Stefndi hafi þá veitt sér heimild til að fá stefnanda til að vinna verkið.

Aðspurður kvaðst Tómas hafa treyst sér til að vinna verkið án teikninga, en talið sér það óheimilt. Byggingarmeistari hafi ekki heimild til að breyta útfærslu húss, hvorki gamals né nýs, nema með samþykki byggingarnefndar. Breytingarnar þurfi ávallt að leggja fyrir byggingarnefnd; ef það væri ekki gert, gæti byggingarmeistari átt von á áminningu eða sektum.

Vitnið Lúðvík Óskarsson húsasmiður kveðst hafa unnið hjá Tómasi við breytingarnar á húsi stefnda. Upphaflega hafi verið gert ráð fyrir, að aðeins þyrfti að skipta um járn í þaki, en þegar búið var að rífa járníð af, hafi komið í ljós, að alla burði vantaði í þakið. Nauðsynlegt hafi verið að hanna þakið upp að nýju, og hafi smiðirnir fjórir, sem unnu að Lambastaðabraut 4 sumarið 1987, allir unnið eftir teikningu stefnanda við ofangreindar breytingar. Ekki mundi hann, hvort teikningarnar voru sérstaklega kynntar stefnda, en hann taldi, að stefndi hefði vitað af þeim, þær hefðu verið á heimili hans allan tímann og smiðirnir fjórir unnið eftir þeim.

Stefndi kveðst hafa fengið Ulrik Arthursson til að teikna þær breytingar á húsinu, sem fyrirhugaðar voru. Hann hafi lagt þær fyrir byggingarnefnd og fengið samþykki.

Tómas hafi stungið upp á að breyta út af teikningu forstofu. Sér hafi fundist þær breytingar skynsamlegar og fallist á þær. Á sama hátt hafi hann fallist á breytingar á þaki. Enda þótt þakið hafi dugað vel síðustu 50 ár, taldi hann best að ganga vel frá því, fyrst á annað borð væri verið að vinna við það. Húsið væri nú svipmeira eftir breytinguna á þaki.

Tómas hafi aldrei rætt við sig, að nýrra teikninga væri þörf. Hann hafi því ekki gefið honum umboð til að semja við stefnanda fyrir sína hönd. Hann hafi ekki vitað, að stefnandi kom á staðinn, og ekki vitað, að verið væri að vinna eftir nýjum teikningum. Enginn hafi kynnt honum teikningar stefnanda, hvorki Tómas né starfsmenn hans. Hann hafi ekki vitað af

teikningum stefnanda fyrr en í byrjun árs 1988, er Tómas afhenti honum þær. Reikningur hafi komið frá stefnanda nokkrum mánuðum síðar. Hann hafi tjáð stefnanda, að hann væri óánægður með reikninginn, því að hann hafi aldrei óskað eftir þjónustu hans og teldi reyndar teikningarnar óþarfar. Hann hafi talið allan tímann, að smiðirnir myndu sjálfir sjá um breytingarnar. Þær væru svo óverulegar, að ekki væri þörf á sérstakri hönnun. Byggingarnefnd Seltjarnarness hafi reyndar staðfest, að svo væri, í bréfi sínu til stefnanda. Þar segi, að um minni háttar breytingar sé að ræða og ekki þurfi að leggja málið sérstaklega aftur fyrir byggingarnefnd.

Vitnið Lára Hansdóttir, eiginkona stefnda, bar á sama veg og stefndi.

II.

Málsástæður og lagarök fyrir kröfum sínum segir stefnandi aðallega vera, að Tómas G. Ingólfsson hafi haft umboð stefnda til að óska eftir viðbótarteikningum hjá stefnanda. Stefnandi minnir einnig á, að lagaskylda sé að fá samþykki byggingarnefndar fyrir hvers konar breytingum á húsum, sbr. 9. og 11. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Stefnda hafi átt að vera þetta ljóst, er hann samþykkti frávik frá upphaflegri teikningu.

Allt hafi verið undirlagt í húsinu, og það hafi ekki átt að fara fram hjá stefnda, að unnið var eftir nýjum teikningum.

Málsástæður og lagarök stefnda fyrir kröfu sinni um sýknu segir stefndi aðallega vera, að stefnandi eigi enga lögvarða kröfu á hendur stefnda. Engin regla kröfuréttar skyldi stefnda til að greiða stefnanda fyrir þjónustu, sem Tómas G. Ingólfsson bað stefnanda um án heimildar stefnda og veitt var án vitundar hans og samþykkis, í formi teikninga, sem byggingaryfirvöld sáu ekki ástæðu til að samþykkja sérstaklega. Tómas hafi ekki haft umboð til að skuldbinda stefnda með samningum við stefnanda, og leiði það til sýknu, sbr. Hrd. 1963, bls. 179, og gagnályktun frá 1. mgr. 10. gr. sml. nr. 7/1936. Breyti engu, þótt unnið hafi verið eftir teikningum stefnanda, enda stefnda um það ókunnugt. Beri stefnanda að snúa sér að Tómasi með kröfur sínar, sbr. 1. mgr. 25. gr. sml. nr. 7/1936.

Þá bendir stefndi einnig á, að teikningar hafi verið óþarfar. Breytingarnar hafi verið óverulegar, sbr. álit byggingarnefndar. Yfirvöld hafi ekki krafist viðbótarteikninga, og hefði Tómas getað kannað það hjá byggingarfulltrúa.

III.

Ágreiningur aðila er um, hvort Tómas G. Ingólfsson hafi haft umboð stefnda til að láta stefnanda hanna umræddar breytingar á húsi stefnda að Lambastadabraut 4, Seltjarnarnesi.

Fram hefur komið í málinu, að stefndi var því samþykktur, að breytingar

yrðu gerðar á forstofu og þaki, en taldi þær breytingar svo litlar, að ekki væri þörf á frekari teiknivinnu. Í því sambandi vísar stefndi til bréfs bæjarstjóra á Seltjarnarnesi, dags. 6. nóvember 1990, þar sem segir: „Þorgeir Halldórsson sótti um leyfi til endurnýjunar hússins að Lambastaðabraut 4 að utan skv. uppdrætti Ulriks Arthurssonar arkítektis, og var sú umsókn samþykkt í byggingarnefnd 12. 8. 1987.

Í september 1987 er lögð fram breytt teikning, gerð af Róbert Péturssyni arkítekt.

Að dómi byggingarfulltrúa var um svo lítils háttar breytingu að ræða, að ekki þyrfti að leggja málið fyrir byggingarnefnd að nýju. Byggingarnefnd er sammála byggingarfulltrúa að þessu leyti.“

Þá tekur byggingarnefnd fram, að hún telji ekki ástæðu til að beita stefnda viðurlögum skv. ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978, vegna þess að breytingarnar hafi verið svo litlar.

Gegn andmælum stefnda þykir ósannað, að hann hafi veitt Tómasi sérstakt umboð til að binda sig gagnvart stefnanda. Ekki þykir heldur sannað, að hann hafi samþykkt teiknivinnu stefnanda eftir á. Hefur stefndi staðfastlega neitað því, að hann hafi haft vitneskju um, að unnið væri eftir nýjum teikningum. Þykir ósannað, að hann hafi fengið vitneskju um teikningarnar fyrr en í byrjun árs 1988, eftir að vinnu trésmiða lauk við húsið.

Tómas var ráðinn af stefnda til að sinna afmörkuðu verkefni í stefnda þágu. Verkefnið var fólgið í viðhaldi á húsi stefnda og áðurnefndum breytingum. Þykir Tómas ekki hafa haft umboð, stöðu sinni samkvæmt, til að láta arkitekt teikna, án þess að ráðfæra sig við stefnda og fá samþykki hans. Sönnunarbyrðin fyrir því, að Tómas hafi haft umboð stefnda, hvílir á stefnanda. Er það álit dómsins, að honum hafi ekki tekist sú sönnun, og verður hann að bera hallann af því. Verður stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað, að fjárhæð 45.000 kr., og 9.800 kr. í virðisaukaskatt. Málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum eftir uppkvaðningu dóms þessa.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þorgeir Halldórsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Róberts Péturssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 45.000 kr. í málskostnað og 9.800 kr. í virðisaukaskatt. Málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 að liðnum fimmtán dögum eftir uppsögu dóms þessa.